

Fylgi



## Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

### Ábending/kvörtun til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

112. gr. Frumkvæðismál.

Ráðuneytið ákveður sjálf hvort tilefni er til að taka til formlegrar umfjöllunar stjórnarsýslu sveitarfélags sem lýtur eftirliti þess skv. 109. gr. Réttur aðila máls til að kæra ákvörðun skv. 111. gr. hefur ekki áhrif á þá heimild.

Þegar ráðuneytið tekur mál til meðferðar að eigin frumkvæði getur það:

1. gefið út leiðbeiningar um túlkun laga og stjórnarsýslu sveitarfélagsins að öðru leyti,
2. gefið út álit um lögmæti athafna eða athafnaleysis sveitarfélags eða annars er eftirlit beinist að,
3. gefið út fyrirmæli til sveitarfélags um að það taki ákvörðun í máli, felli ákvörðun úr gildi eða komi málum að öðru leyti í lögmætt horf,
4. beitt öðrum úrræðum samkvæmt kafla þessum, sé tilefni til.

Niðurstöður skv. 2. mgr. skulu rökstuddar eftir því sem tilefni er til. Í þeim skal einnig koma fram með skýrum hætti hvort og þá með hvaða hætti ráðuneytið muni fylgja niðurstöðu sinni eftir.

#### Hverjir geta lagt fram ábendingu/kvörtun?

Allir geta lagt fram ábendingu/kvörtun, þ.m.t. íbúar og kjörnir sveitarstjórnarmenn, óháð því hvort þeir teljast aðilar máls í skilningi stjórnarsýsluréttarins. Ekki er skilyrði að nota þetta eyðublað til að koma á framfæri ábendingu/kvörtun, hana má einnig senda á póstfangið [postur@srn.is](mailto:postur@srn.is).

#### Málsmeðferð hjá ráðuneytinu.

1. Lagt er mat á það hvort málið falli innan stjórnarsýslueftirlits ráðuneytisins eins og það er skilgreint í 109 gr. sveitarstjórnarlaga og fullnægi að öðru leyti lagaskilyrðum til að hljóta nánari meðferð. Reynist svo ekki vera er kvartanda tilkynnt um þá niðurstöðu, málið eftir atvikum framsent réttu stjórnvaldi, og er þá málinu lokið af hálfu ráðuneytisins.
2. Séu lagaskilyrði til að taka málið til skoðunar skal metið hvort það gefi efnislega tilefni til að taka stjórnarsýslu viðkomandi sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar á grundvelli ákvæða 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Við það mat skal fyrst og fremst horft til eftirfarandi þátta:
  - a. Eru vísbendingar um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins hafi í málinu stangast á við lög eða önnur lögleg fyrirmæli?
  - b. Hversu miklir eru þeir hagsmunir sem málið varðar, hvort sem er hagsmunir kvartanda eða almennir hagsmunir íbúa sveitarfélagsins?
  - c. Hversu langt er um liðið frá því að atvik málsins áttu sér stað?
  - d. Er kvartandi kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags?
  - e. Hversu mikil er réttaróvissa á því sviði sem málið varðar, er þörf á leiðbeiningu ráðuneytisins?



Sé það niðurstaða ráðuneytisins að málið gefi ekki tilefni til formlegrar umfjöllunar um stjórnslu sveitarfélagsins skal kvartanda tilkynnt um þá niðurstöðu og er þá málinu lokið af hálfu ráðuneytisins. Þess skal gætt að í tilkynningu ráðuneytisins komi fram á hvaða forsendum ráðuneytið hafi komist að þessari niðurstöðu.

3. Ef talið er að málið gefi tilefni til formlegrar umfjöllunar um stjórnslu sveitarfélagsins er hafin frumkvæðisathugun á málinu á grundvelli ákvæða XI. kafla sveitarstjórnarlaga og almennra reglna stjórnsluréttarins. Skal kvartanda tilkynnt um þá niðurstöðu. Fer það eftir atvikum máls hvort kvartandi telst aðili þess, þ.e. hafi stöðu aðila með þeim réttaráhrifum sem því fylgja.
4. Formlegri umfjöllun ráðuneytisins getur lokið með einhverjum þeim hætti sem tilgreindur er í 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga, s.s. útgáfu leiðbeininga, álits eða fyrirsmæla. Ráðuneytið getur einnig látið mál niður falla komi í ljós við meðferð þess að ekki sé tilefni til frekari aðgerða, s.s. að fenginni skýringu eða leiðréttingu viðkomandi sveitarfélags.
5. Niðurstöður ráðuneytisins í frumkvæðismálum sem lýkur með einhverjum þeim hætti sem tilgreindir eru í 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga eru að öllu jöfnu birtar á vefnum [urskurdir.is](http://urskurdir.is).

## **Upplýsingar um nafn þess sveitarfélags sem ábending/kvörtun beinist að.**

Ásahreppur

## **Hver er ábendingin/kvörtunin?**

Kvörtun 1: Vegna 1. fundar hreppsnefndar Ásahrepps, 18.06.2018.  
Dagskrárliður 5. Kjör nefnda samkvæmt samþykktum Ásahrepps.

Brunavarnir Rangárvallasýslu bs: Varamaður á L-lista er skipaður sem varamaður í stjórn byggðasamlagsins sem er ekki í samræmi við samþykktir samlagsins.

Félagsmálanefnd Rang. og V-skaft: L-listi meirihluta lagði til að 2. maður á E-lista minnihlutans yrði aðalmaður. Minnihlutinn lagði til að 1. maður á E-lista yrði sinn fulltrúi en meirihlutinn var ósamþykktur því og kusu þeir með 3 atkvæðum að skipa 7. mann á E-lista sem fulltrúa. Þegar lista er úthlutað nefndarsæti, er þá ekki réttur listans að ákveða hver skipar það sæti fyrir hönd listans?

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs: Skipan varamanns L-lista er ekki samkvæmt samþykktum samlagsins. Samkv. samþykktum á að skipa aðalmenn úr sveitarstjórn.

Umhverfisnefnd: Enginn tilnefndur af E- lista. Skipaðir voru 3 fulltrúar aðal- og 3 fulltrúar varamanna.

Skógasafn: Viðkomandi nefnd er á vegum héraðsnefndar og því ekki Ásahrepps að skipa í hana.

Vatnajökulsþjóðgarður: Þarf ekki að koma beiðni um tilnefningu frá Umhverfisráðuneytinu til sveitarfélagsins, svo hægt sé að tilnefna fulltrúa?

Útivistarnefnd: Er ekki til hjá sveitarfélaginu skv. gildandi samþykktum.

Bókasafnsnefnd var lögð niður 2016 og er því ekki til.

Ungmennaráð er ekki til skv. gildandi samþykktum.



Kvörtun 2: 12. Erindi. 20180611 Landsþing íslenskra sveitarfélaga, kosning fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022. Einnig liður 10 kosning fulltrúa á aukaaðalfund SASS. Í báðum tilfellum tilnefndir 2 fulltrúar L-lista. Er eðlilegt að listi með yfir 40% atkvæða hafi ekki fulltrúa á SASS fundi? Kvörtun 3: Þann 14 júní s.l. mætti Guðmundur Gíslason 2. maður á L-lista á fund skipulagsnefndar umhverfis og tæknisviðs uppsveita bs. Þá hafði ekki verið haldin fundur hjá nýrri hreppsnefnd og við lítum svo á að hann hafi verið umboðslaus að mæta þar sem áheyrnarfulltrúi og hann hafi því brotið samþykktir Ásahrepps og Sveitarstjórnarlög. Óskað er eftir álitum ráðuneytisins á því.

Ég undirrituð geri athugasemdir fyrir hönd E-listans í Ásahreppi sem hefur að skipa 2 fulltrúum af 5, sem eru um 42% atkvæða í hreppsnefnd Ásahrepps. Listakosningar eru nýmæli í Ásahreppi og því hafa samþykktir Ásahrepps ekki verið uppfærðar í samræmi við það. Fyrir umræddan dagskrárlið lágu engin gögn fyrir. Því mótmaðir E-listans þeirri aðferðarfræði sem beitt var af hálfu L-listans við skipan í nefndir og stjórnir og telur að þar hafi samþykktir Ásahrepps, byggðasamlaga og Sveitarstjórnarlög verið brotin. Lýðræðislegur réttur E-listans var ekki virtur.

Ég fer hér með fram á að málavextir verði skoðaðir og úrskurður liggi fyrir hið fyrsta.

### **Upplýsingar um þann sem leggur fram ábendingu/kvörtun (nafn, heimili, sími og netfang)**

Ágústa Guðmarsdóttir, Steinholti, 851 Hella, 6905707, agusta@asahreppur.is

### **Hver, ef einhver, eru tengsl þess sem leggur fram ábendinguna/kvörtunina við málið?**

Undirrituð skipar 2 sæti á E-lista Ásahrepps.


### **Hefur verið leitað til annarra stjórnvalda eða dómstóla vegna þess máls sem ábendingin/kvörtunin varðar? Ef svo er, hverra?**

Afrit af ábendingunni verður send á oddvita Ásahrepps.

### **Skrá yfir skjöl og önnur gögn sem fylgja ábendingu/kvörtun.**

1. Fundargerð 1. fundar hreppsnefndar Ásahrepps haldinn 18.06.18
2. Hér er hægt að nálgast samþykktir Ásahrepps og byggðasamlaga: <http://asahreppur.is/efni/reglur-og-sam%C3%BEykkir>

20.06.2018  
Dagsetning

  
Undirskrift þess sem leggur fram ábendingu/kvörtun

